

Borgarráð

*Íþróttastarf í Safamýri - samráð við Íbúasamtök Háaleitis*

Með vísan til minnispunkta borgarstjóra, dags. 6. febrúar sl., sem lagðir voru fram á aðalfundi Íbúasamtaka Háaleitis 8. febrúar sl., samþykkir borgarráð bókun íþróttá- og tómstundaráðs frá 23. febrúar sl. um samráð við íbúasamtökin varðandi íþróttastarf í Safamýri og felur sviðsstjóra ÍTR jafnframt að vinna að málinu í samráði við ÍBR, íbúasamtökin og viðkomandi íþróttafélög.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur, dags. 23.02.18, um að bjóða íbúasamtökum Háaleitis til samstarfs um framtíð íþróttasvæðisins í Safamýri.

Minnispunktar borgarstjóra, dags. 6. febrúar 2018.



Reykjavíkurborg  
Íþróttá- og tómsfundasvið

Málsnr.: 217100122  
Skjalasafn Ráðhúss  
26. feb. 2018  
Bréfalykill: 3500

Reykjavík, 23 febrúar 2018  
2018020011  
3 8 2

Borgarráð


Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

Á fundi Íþróttá- og tómsfundaráðs í dag var samþykkt að vísa eftirfarandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins til borgarráðs:

Íþróttá- og tómsfundaráð Reykjavíkur samþykkir að bjóða Íbúasamtökum Háaleitis til formlegs samstarfs um framtíð Íþróttasvæðisins í Safamýri. Samstarfið felur m.a. í sér að íbúasamtökunum verði gert kleift að koma að öllum viðræðum og samningum um ráðstöfun íþróttáæðstöðunnar í Safamýri sem helstu hagsmunaaðilar málsins, t.d. viðræðum milli Reykjavíkurborgar og þeirra íþróttafélaga sem til greina kemur að taki við svæðinu og rekstri þess. Íbúar í Háaleitishverfi hafa lýst yfir áhyggjum af framtíð íþróttá- og æskulýðsstarfs á íþróttasvæðinu í Safamýri og gera þá kröfu til borgaryfirvalda að þar verði áfram rekið öflugt íþróttastarf í þágu hverfisins.

Jafnframt var samþykkt eftirfarandi bókun ráðsins:

Íþróttá- og tómsfundaráð tekur undir tillögu Sjálfstæðisflokks um markvisst samstarf borgarinnar með íbúasamtökum Háaleitis um framtíð íþróttamála í Safamýri.

  
Ómar Einarsson.



Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík  
Sími 411 5000

6. febrúar 2018

Til minnis vegna íþróttastarfs í Safamýri

- Í samningi milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Fram frá 8. september 2017 um flutning Fram í Úlfarsárdal úr Safamýri segir m.a. í 7 gr. " Reykjavíkurborg mun tryggja góða þjónustu við börn á starfssvæði Fram í Safamýri fyrir íþróttastarf, eftir flutning félagsins, með samningi við eitthvert af nálægum starfandi íþróttafélögum í Reykjavík. Í Safamýri verður því áfram íþróttahús, sparkvöllur og gervigrasvöllur og hugsanlega önnur aðstaða byggt á frekari þarfagreiningu og samningum. Gervigrasvöllur var endurnýjaður sumarið 2017."
- Í ályktun Íbúasamtaka Háaleitis sem lögð hefur verið fyrir fund hverfisráðs Háaleitis- og Bústaða og kynnt borgarstjóra eru lögð fram fjögur áhersluatriði um sýn Íbúasamtakanna varðandi íþrótt- og æskulýðsstarf á núverandi íþróttasvæði í Safamýri. Jafnframt er óskað eftir aðkomu Íbúasamtakanna að þeirri vinnu sem á sér stað varðandi framtíðarskipulag á starfsemi íþróttastöðunni í Safamýri við brotthvarf Knattspyrnufélagsins Fram.
- Af hálfu borgaryfirvalda munu fulltrúa Íbúasamtakanna og starfshóps um framtíð íþróttastarfsemi í Safamýri verða boðuð til þátttöku í samstarfsferli með viðkomandi sviðum borgarinnar og íþróttahreyfingarinnar vegna íþróttastöðu í Safamýri.